

Nd. **20. Frumvarp til laga** [20. mál]

um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jón Skaftason, Halldór Ásgrímsson, Halldór E. Sigurðsson, Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson, Björn Pálsson, Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:
Vextir af afurðavíxlum, sem endurkeyptir eru af Seðlabankanum, mega eigi vera hærri en 5.5%.

2. gr.

32. gr. laganna falli niður, og falla jafnframt úr gildi allar þær ákvarðanir um vexti og lánstíma, sem teknar hafa verið samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar.
Lánskjör í skuldabréfum, sem gefin hafa verið út á árunum 1960—61, breytast og verða hin sömu og á árinu 1959.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:
2.—4. málsg. 11. gr. laga nr. 10 1961, um Seðlabanka Íslands, falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 58 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Samtímis koma í gildi lög nr. 73 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og lög nr. 75 1952, um breyt. á þeim lögum.

Greinargerð.

Haustið 1959 var um tvær meginleiðir valið í efnahagsmálum.
Annars vegar var sú leið, sem Framsóknarflokkurinn vildi fara og barðist fyrir: Halda áfram framfarasókninni og leggja höfuðáherzlu á að auka framleiðsluna og

koma í veg fyrir kjaraskerðingu. Jafna hallann í efnahags- og framleiðslukerfinu, sem af forustumönnum stjórnarliðsins var metinn 250 millj. eða svo, með því að skattleggja eyðsluna og með hóflegri hækkun yfirfærslugjaldsins. Draga þannig úr uppbótakerfinu í áföngum. Halda fjárfestingunni hæfilegri með því að velja úr og láta þær framkvæmdir bíða, sem minnsta almenna þýðingu höfðu, en hafna með öllu þeirri leið að gera framkvæmdir almennings svo dýrar, að menn fengju með engu móti við þær ráðið. Halda áfram hóflegum lántökum erlendis til arðgæfra framkvæmda, jafnóðum og eldri lán væru greidd niður. Þessari leið var algerlega hafnað. Var þó með þessu móti hægt að leysa vandann með smávægilegum ráðstöfunum, miðað við það, sem gert var.

Hins vegar var sú leið, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir: Samdráttar- og kjaraskerðingarleiðin. Sú leið að magna dýrtíðina og rýra þannig kaupmátt og framkvæmdamátt. Gengið var fellt og mörg hundruð milljóna króna nýjar álögur lögfestar með almennum neyzlusköttum. Ofan á þetta var svo bætt stórfelldari vaxtahækkun en dæmi munu til úr nálægum löndum a. m. k. og enn þar á ofan beitt mörgum ráðum til þess að draga saman lánastarfsemi í landinu, þ. á m. lán til framleiðslunnar.

Það var fyrirsjáanlegt, að þessar ráðstafanir hlytu að leiða til mikilla erfiðleika í framleiðslu- og efnahagslífi þjóðarinnar. Stórfelld ný verðhækkunaralda hlaut að rísa, sem yrði almenningi og framleiðslufyrirtækjum landsmanna þung í skauti.

Nú liggur það fyrir, að hægt er að gera sér nokkra grein fyrir áhrifum þessarar stefnu á árinu 1960 og á sumum sviðum það sem af er þessu ári. *Gjaldeyrisstaða bankanna* batnaði að vísu um 239 millj. kr. á árinu 1960, en á móti varð skuldaaukning við útlönd um 546 millj. kr. Auk þess var gengið á birgðir útflutningsvara, sem nam rúmlega 200 millj. kr. á árinu. Greiðsluhalli varð 704 millj., reiknaður á sama hátt og ríkisstjórnin reiknaði greiðsluhalla fyrri ára í greinargerð „viðreisnarinnar“. *Gjaldeyrisstaða bankanna* segir hér aðeins hálfa sögu, þar sem hún hefur aðallega verið bætt með því að leyfa einkaaðilum stórfellda skuldafóðnun erlendis til stutts tíma. Afleiðing samdráttarstefnunnar fyrir ríkissjóð var sú, að greiðsluafgangur hans var nær enginn á árinu þrátt fyrir hinar miklu skattahækkunarir. *Útgjöld fjárlaga* eru áætluð 443 milljónir króna eða nálega 40% hærri á árinu 1961 en þau voru áætluð á árinu 1959, og sparnaður er enn á loforðastigi. Enn fer því auðvitað fjarri, að menn séu frjálssir að því að fá erlendan gjaldeyri keyptan eftir vild við afgreiðsluborð bankanna. Það er nú staðfest, að „viðreisnin“ nægði ekki til að leysa vanda útflutningsframleiðslunnar og koma henni á „traustan“ grundvöll. *Innlánsfé í viðskiptabönkum og sparisjóðum* (í sparisjóðs-, ávísana- og hlaupareikningum) jókst að vísu á árinu 1960, en þó minna en á árunum 1958 og 1959. Samkvæmt Hagtíðindum í apríl s. l. var aukningin árið 1958 15.8% og árið 1959 13.8%, en árið 1960 12%, og þó ekki nema 9%, ef frá er dregin vaxtahækkun innlánsfjár, sem bókfærð var í desember. Það er því ekki hægt að segja, að „viðreisnin“ hafi haft jákvæð áhrif á þann hátt, sem ráð var fyrir gert í þeim meginatriðum, sem hér er um að ræða. Hitt er svo annað mál, að kauphækkunarir kunna að hafa í för með sér meiri innlánsaukningu á árinu 1961. Um viðskiptajöfnuðinn við útlönd á árinu 1961 er enn of snemmt að ræða, m. a. vegna viðskiptatruflana framan af árinu.

En þó að jákvæð áhrif „viðreisnarinnar“ hafi brugðizt, eins og nú hefur verið nefnt, eru hin nýju neikvæðu áhrif þó miklu alvarlegra eðlis. Hér skal ekki langt út í það farið að ræða þá breytingu á lífskjörum, sem varð á árinu 1960. „Viðreisnin“ hefur á því ári rýrt kaupmátt tímakaups stórlega frá því, sem hann var í október 1958, og þá um leið rýrt kaupmátt annarra tekna. Hvort eða hvernig meta skuli hækkun tryggingarbóta til frádráttar þessari rýrnun, er álitamál. En þessi *kaupmáttarrýrnun* gefur þó ekki nema að nokkru leyti hugmynd um erfiðleika einstaklinganna, t. d. við það að koma upp íbúðum eða *stýðja* á annan hátt *afkomu heimilanna*.

Hitt liggur svo ljóst fyrir og hefur verið sýnt með skýrum tölum, hve stórkostlegur munur er nú frá því, sem áður var, á stofnkostnaði við hvers konar framkvæmdir og uppbyggingu atvinnulífs og á verði véla og rekstrarvara af völdum gengisbreytingar, tolla- og söluskattshækkunar og versnandi lánskjara.

Bóndi, sem byggði peningshús vorið 1961 og tók lán í *ræktunarsjóði* til efniskaupa eingöngu, þarf nú að greiða *130% hærra árgjald* af láni sínu en sá, sem byggði sams konar hús árið 1959. Svipað er að segja um þann, sem keypti fiskibát frá útlöndum og tók til þess lán í *fiskveiðisjóði* (109%).

Þessi dæmi sýna, hver fjarstæða það var að leggja þannig samtímis byrði á byrði ofan á þá, sem eru að byggja upp landið og atvinnuvegina, enda einsdæmi, að slíkt sé gert hér. Dregið hefði úr fjárfestingu, þótt annað hefði ekki komið til en gengisbreytingin ein.

Um miðjan maímánuð s. l. var búið að draga inn í Seðlabankann 150 millj. kr. af sparifé innlánsstofnana, auk samdráttar afurðalána Seðlabankans. Almennir viðskiptavextir voru lækkaðir nokkuð um s. l. áramót, en þó eru þeir enn óbærilega háir, m. a. fyrir þá, sem lengi þurfa að bíða eftir greiðslu á afurðum. Til skýringar má nefna, að lækkun vaxtanna, eins og þeir voru á s. l. vori, niður í það, sem þeir voru fyrir „viðreisn“, hefði að því er virðist svarað til a. m. k. 6—7% kauphækkunar hjá hraðfrystihúsi.

Enginn vafi er á því, að hin mikla verðhækkun efnis- og rekstrarvara og véla, vaxtahækkunin og lánsfjártakmörkunin hefur dregið úr framleiðslu og stuðlað að því, að afurðir væru fluttar út óunnar. En samdráttur sá, sem nú kemur fram í minnkandi framkvæmdum, minnkandi kaupum vinnuvéla o. s. frv., hlýtur að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir framtíðina víða um land og skapa aukna erfiðleika síðar, ef vinna skal upp það, sem nú ferst fyrir sakir skammsýnnar stjórnarstefnu.

Almennar framleiðslustöðvanir vegna vinnudeilna, sem „viðreisnin“ og kjaraskerðing hennar hlaut að hafa í för með sér, komu ekki til sögu á árinu 1960, en byrjuðu með ágreiningi um fiskverð og verkfalli við sjávarútveginn, er síðasta vetrarvertíð skyldi hefjast. Samið var um nýtt fiskverð til útgerðarinnar og ný kjör til handa sjómönnum. Vegna þess, hve sjómannasamningar voru margir og reglur margbrotnar, er erfitt að gera sér grein fyrir, hve mikla „kauphækkun“ sjómenn hafa fengið. Af þeim tölum, sem birtar hafa verið í blöðum og munu styðjast við upplýsingar frá Alþýðusambandi Íslands, má þó ætla, að hún hafi víða numið a. m. k. 15%. Fyrsta kauphækkun landverkafólks varð í Vestmannaeyjum snemma á árinu, og er talið, að hún hafi numið 14.7%. Sú kauphækkun til verkamanna, sem samið hefur verið um nú í sumar, virðist yfirleitt hafa verið 11%, að meðtöldu framlagi til sjúkrasjóða, auk hækkana á eftirvinnuálagi úr 50% í 60% og nokkurra minni háttar breytinga. Þessar kauphækkningar hafa að sjálfsögðu í för með sér nokkra hækkun á framleiðslu- og framfærslukostnaði. Það var fyrir löngu almennt álit manna um land allt, að til kauphækkana hlyti að koma eftir það, sem á undan var gengið. Hins vegar tóku vinnudeilur að þessu sinni nokkru lengri tíma en þær hefðu þurft að taka. Framleiðslu- og atvinnustöðvun fyrr og síðar á þessu ári hefur valdið mjög verulegu tjóni fyrir fjölda manna og þjóðina í heild.

Kaupgjaldssamningar þeir, sem gerðir voru í sumar, þegar komið var nær allsherjarverkfali, björguðu sildarvertíðinni og þar með frá stórfelldu efnahagshruni. Þeir samningar eru almennt taldir hóflegir og sanngjarnir, eins og á stóð, og mun fáum hafa til hugar komið, að kaupgjaldsmálin yrðu leyst með minni kauphækkun en þá varð, eins og kjaraskerðingin var orðin. Kaup verkamanns hækkadi um 400 kr. á mánuði miðað við fulla dagvinnu alla virka daga. Kaupgjaldssamningarnir voru þar að auki þannig úr garði gerðir, að þeir gátu verið fyrirmynd að framtíðarlausn kjaramála, þar sem í þeim var það nýmæli, að þeir skyldu gilda og kaup vera óbreytt eitt ár, nema vísitala hækkadi um 5 stig eða

meira eða gengislækkun yrði, enn fremur að kaupíð skyldi hækka nokkuð að ári liðnu, ef samningunum væri ekki sagt upp.

Með þessa kjarasamninga að grundvelli var vel fært fyrir ríkisstjórnina að stöðva dýrtíðarflóðið og koma jafnvægi á efnahagsmálin. Verður það m. a. ljóst af eftirfarandi staðreyndum:

Fram undan voru mjög vaxandi gjaldeyristekjur vegna mikillar síldveiði og verðlag á ýmsum útflutningsafurðum hækkanði.

Þrátt fyrir kauphækkanirnar var hægt að hækka verð á síld til söltunar og í bræðslu.

Iðnaðarfyrirtæki landsins gátu yfirleitt tekið á sig kauphækkanir iðnverka-fólks, eins og nú er komið fram og játað af sjálfum málgögnum ríkisstjórnarinnar, hvað þá ef vextir hefðu verið lækkaðir.

Mismunurinn á því tímakaupi, sem um samdist og hinu, sem ríkisstjórnin taldi efnahagskerfið þola, nam ekki meiru en sem svaraði rúml. 1% breytingu á afurðaverði (útflutningsverði) frystihúsa, og þann skakka var hægt að jafna og vel það með vaxtalækkun einni saman.

Með því að draga úr tilbúnum rekstrarfjárskorti fyrirtækja — lánsfjárbindingunni, lækka vextina og vinna þannig gegn verðhækkunum, til þess að kjarabætur nytu sín, hefði verið stuðlað að vaxandi viðskiptaveltu og tekjur ríkissjóðs stóraukizt. Þannig var hægt að leysa vandamál ríkishúskaparins, og möguleikar hefðu orðið til að vega á móti óhjákvæmilegri, réttmætri hækkun landbúnaðarafurða, styðja framleiðsluna og bæta kaup opinberra starfsmanna.

Með þessum aðferðum var hægt að stöðva dýrtíðarflóðið og tryggja launþegum og bændum varanlegar kjarabætur.

Í stað þess að gera þetta hefur ríkisstjórnin hækkað gengi erlends gjaldeyris á ný um 13%. Þessi gengisbreyting á sér engin efnahagsleg rök.

Með þessu hefur ríkisstjórnin steypt nýju dýrtíðarflóði yfir landið í stað þess að notfæra sér kjarasamningana til að stöðva flóðið og hverfa frá samdráttar- og kjaraskerðingarstefnunni. Er nú fram undan ný umferð í þeim ljóta leik, sem hafinn var með ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í fyrravetur. Á nú enn að beita sams konar aðferðum og þá, og þess vegna er nú dýrtíðin mögnuð með ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að lækka gengið og hækka þannig verðlagið. Réttta leiðin til lausnar efnahagsmálanna væri á hinn bóginn sú að taka nú upp aftur framleiðslu- og uppbyggingarstefnuna í stað samdráttarstefnunnar.

Þetta frv. fjallar um ráðstafanir, sem knýjandi er að koma í framkvæmd nú þegar til þess að draga nokkuð úr því öngþveiti, sem fram undan er. En þær eru þessar:

Færa vextina í það horf, sem þeir voru, áður en efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar voru gerðar.

Hætta tafarlaust að draga sparifé landsmanna inn í Seðlabankann út úr sparisjóðunum, innlánsdeildum kaupfélaganna og viðskiptabönkunum. Þessi aðferð er nú notuð til að þrengja að einstaklingum og atvinnufyrirtækjum með tilbúnum lánsfjárskorti, sem byggist á því að frysta hluta af sparifjáraukningu landsmanna. Jafnframt því lætur ríkisstjórnin Seðlabankann lána miklu minna en áður út á verðmæti landbúnaðar- og sjávarafurða. Hefur þetta gengið svo langt, að Seðlabankinn er látinn lána sömu krónutölu út á sjávar- og landbúnaðarafurðir og áður þrátt fyrir verðhækkanirnar, og þar að auki er bannað að lána hærri heildarfjárhæð út á landbúnaðarafurðir en áður, þótt framleiðslan aukist.

Til þess að koma í veg fyrir, að viðskiptabankar, sparisjóðir og kaupfélög geti greitt úr fyrir mönnum, er þess krafizt, að þessar stofnanir skili til frystingar í Seðlabankanum verulegum hluta af öllum nýjum spariinnlögum og innlögum í innlánsdeildir. Þannig er sparifé landsmanna tekið úr umferð til að þrengja að lánveitingum.

Þegar ríkisstjórnin bætti vaxtahækkuninni ofan á gengislækkunina, nýju toll-

ana og lánasamdráttinn, varð að afnema þýðingarmestu ákvæði okurlaganna til þess að koma vaxtahækkuninni í framkvæmd.

Þá voru einnig afnumin vaxtaákvæði allra þeirra lagabálka, sem upp höfðu verið byggðir um stofnlán til sjávarútvegs, landbúnaðar og til íbúðabygginga.

Nú er fram komið, svo að ekki verður um villzt, að engin framleiðsla né atvinnurekstur á Íslandi getur risið undir þessum okurvöxtum, hvað þá almenn- ingur, sem þarf á lánsfé að halda til íbúðabygginga, framleiðslutækja og annarra brýnustu nauðsynja.

Ríkisstjórnin sagði, að vaxtahækkunin ætti að verða til að draga úr eftirspurn eftir lánsfé. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar og þ. á m. vaxtahækkunin sjálf hafa á hinn bóginn þregnt svo kosti almennings og atvinnufyrirtækjanna, að eftirspurn eftir lánsfé til að hjarga frá framleiðslustöðvun og eignamissi er meiri en nokkru sinni fyrr. Lítur út fyrir, að fjöldi landsmanna missi framleiðslutæki sín, íbúðir og aðra staðfestu, ef haldið verður áfram sem nú horfir.

Að dómi þeirra, sem þetta frumvarp flytja, ber því að nema nú þegar úr gildi þau lagaákvæði, sem sett voru til þess að innleiða vaxtaokrið, og einnig þau ákvæði seðlabankalaganna, sem misnotuð hafa verið til þess að draga hluta af öllum nýjum sparifjárinnlögum landsmanna inn í Seðlabankann og taka féð þannig úr umferð, á sama tíma og fjöldi einstaklinga er að missa alla fótfestu við at- vinnurekstur og lífsnauðsynlegustu framkvæmdir, m. a. vegna vaxtakostnaðar og tilbúins lánsfjárskorts.

Þetta gætu orðið fyrstu skrefin til að draga úr afleiðingum þess, sem gert hefur verið, og þótt það nái auðvitað skammt til að forða mönnum frá þeim, þá mundu þessar ráðstafanir hafa mikla þýðingu til að draga úr þeirri hættulegu upplausn, sem fram undan blasir við, ef ekkert er gert annað en berja höfðinu í steininn.

Verði frumvarpið samþykkt, gerist þetta m. a.:

1. Útlánsvextir fara niður í 8% hæst, eins og þeir voru.
2. Vextir af afurðavíxlum færast niður í 5.5% hæst úr 9%—9½% nú.
3. Vextir og lánstími ræktunarsjóðs, fiskveiðasjóðs, byggingarsjóðs sveitanna, bygg- ingarsjóðs fyrir kaupún og kaupstaði, raforkusjóðs og byggingarsjóðs verka- manna verða eins og áður. Lánskjör skuldabréfa 1960—61 breytast.
4. Ríkisstjórnin verður að hætta að láta frysta í Seðlabankanum hluta af spari- fjáruaukningunni, og útlánamöguleikar aukast að sama skapi.